



Ákvörðun nr. 6/2024

Útnefning Neyðarlínunnar ohf. sem alþjónustuveitanda

(mál nr. 2024030033)

I. Upphaf máls

1.1. Ákvörðun PFS nr. 9/2020 um alþjónustuútnefningu Neyðarlínunnar.

(1) Í september árið 2020 útnefndi Póst- og fjaraskiptastofnun Neyðarlínuna ohf. (Neyðarlínan) sem alþjónustuveitanda fjaraskiptatenginga fyrir síma- og internetþjónustu sökum þess að Síminn hf. hóf lokun á gamla rásaskipta talsímakerfinu (PSTN). Var það hlutverk Neyðarlínunnar að hafa umsjón með því að fjaraskiptatengingar væru settar upp þegar þörf væri á í samstarfi við önnur fjaraskiptafyrirtæki. Niðurlagning PSTN kerfisins lauk á fyrri hluta ársins 2024 en gildistími útnefningar Neyðarlínunnar er til 31. desember 2024.

1.2. Lokun Mílu hf. á koparkerfinu

(2) Fjaraskiptafélagið Míla hf. hefur nýverið tilkynnt um að vinna sé hafin við að leggja niður eitt víðtækasta fjaraskiptakerfi landsins en það er koparheimtaugakerfi félagsins. Koparheimtaugakerfið hefur þjónað landsmönnum í yfir 100 ár, fyrst fyrir talsíma en á síðari árum fyrir háhraða gagnaflytning með VDSL tækni. Áætlað er að rekstri kerfisins verði hætt á næstu misserum en þegar er hafin vinna við að taka úr rekstri götuskápa og símsstöðvar þar sem mögulegt er að færa virkar kopartengingar sem eftir eru yfir á ljósleiðara. Verkið verður unnið í nokkrum áföngum næstu árin og í nánú samstarfi við fjaraskiptafyrirtækin sem eru með viðkomandi tengingar til umráða. Samkvæmt tilkynningu Mílu er gert ráð fyrir að niðurlagning koparsins haldist í hendur við ljósleiðaravæðingu.¹

(3) Míla hefur upplýst Fjaraskiptastofu (FST) um að hugsanlega megi búast við tilvikum þar sem kostnaður við ljósleiðaralagningu sé meiri en svo að það borgi sig fyrir netrekanda að leggja ljósleiðara. Í þeim tilvikum mætti gera ráð fyrir að endanotandi fengi fullnægjandi tengingu yfir farnet eða stæði til boða kostnaðarþátttaka við framkvæmdina.² Samkvæmt frumathugun FST þá ætti endanotandi í flestum tilvikum að fá fullnægjandi fjaraskiptatengingu yfir farnet þegar

¹ Míla (26. Apríl, 2024). Niðurlagning koparheimtaugakerfis Mílu. Sótt af: <https://www.mila.is/um-milu/frettasafn/nidurlagning-koparheimtaugakerfis-milu>

² Fjaraskiptastofa (29. Nóv. 2024) Drög að álagningu kvaða á aðila með umtalsverðan Markaðsstyrk... Sjá mgr. Sótt af <https://www.fjaraskiptastofa.is/library?itemid=821cb4fa-21eb-44a4-a9d7-3b24dbd23303>

kopartengingu nýtur ekki lengur við. Það eru þó um 100 staðföng víðsvegar um landið sem fá ekki notið fullnægjandi farnetsþjónustu við niðurlagningu koparsins, eins og staðan er í dag. Það þarf því að grípa til sértækra ráðstafana til að koma upp fullnægjandi fjarskiptasambandi innan alþjónustu á viðkomandi stöðum.

(4) FST telur þörf á að bregðast við þeirri stöðu sem framundan er til að tryggja að þeir notendur sem munu missa allt fjarskiptasamband við lokun koparkerfisins hafi aðgang að símaþjónustu og nothæfri netaðgangsbjónustu. Með þessari ákvörðun er það ætlun FST að útnefna Neyðarlínuna ohf. aftur sem alþjónustuveitanda fjarskiptatenginga í sérstökum tilvikum, þ.e. í þeim staðföngum sem ekki hafa aðgang að ljósleiðara, örbylgjutengingu eða fullnægjandi farnetssambandi.

(5) Einnig er ætlunin að alþjónustuútnefningin nái til þeirra staðfanga sem nú þegar, vegna kostnaðar og langra lagnaleiða, eru með fjarskiptasamband yfir örbylgju sem styrkt hefur verið af fjarskiptasjóði og slíkra tenginga sem rekstraraðilar telja að eigi að falla undir alþjónustu.

(6) Endanlegt umfang alþjónustunnar til lengri tíma liggur því ekki fyrir að svo stöddu. Ætlunin er að þau staðföng sem alþjónustan tekur til, hverju sinni, verði birt í sérstökum viðauka við ákvörðun þessa og að hann verði uppfærður reglulega yfir útnefningartímabilið, án opins samráðs við markaðsaðila þar um.

II.

Samráð um forsendur alþjónustuútnefningar

(7) Vegna fyrirséðra staðfanga sem hafa ekki aðgang að fullnægjandi fjarskiptasambandi fyrir síma- og netaðgangsbjónustu, sem þyrfti að leysa með sérstökum tæknilausnum, taldi FST rétt að bregðast við stöðunni með heildstæðum hætti líkt og gert var áður vegna lokun PSTN kerfisins. FST telur að ekki sé heppilegt að starfræksla slíkra fjarskiptatenginga, sem nyту opinbers fjárstuðnings, sé á hendi margra rekstraraðila vítt og dreift um landið. Þótt um væri að ræða sérstök tilfelli um skort á fullnægjandi fjarskiptasambandi væri rétt að leysa úr slíkum málum, eftir því sem kostur væri, með almennum hætti.

(8) Á fundum dagana 2. – 4. apríl 2024 upplýsti FST starfandi farnetsrekendur, Símann hf., Sýn hf. og Nova hf., sem alþjónusta þessi tekur til sérstaklega um áform stofnunarinnar um að útnefna Neyðarlínuna ohf. sem alþjónustuveitanda. Jafnframt upplýsti stofnunin í stórum dráttum um þau áform um að fyrirhugaður alþjónustuveitandi myndi bæta úr fjarskiptasambandi á þeim 100 staðföngum sem yrðu líklega án fullnægjandi fjarskiptasambands við niðurlagningu koparkerfis Mílu hf. Var óskað eftir því að fjarskiptafélögin myndu upplýsa ef þeir sæju meiriháttar meinbugi á þessum áformum. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu fjarskiptafélaganna við það tækifæri.

(9) Auk sérstaks samráðs við aðila sem mögulega hefðu beinna hagsmuna að gæta taldi FST vera þörf á að efna til almenns og opins samráðs við markaðsaðila og neytendur um framangreind áform sín. Þann 13. maí 2024 birti FST samráðsskjal nr. FST(24)-04 þar sem að forsendur stofnunarinnar fyrir útnefningu Neyðarlínunnar ohf. voru raktar. Frestur til að skila umsögnum um áform FST var veittur til 3. júní 2024.

(10) Í eftirfarandi köflum verður gerð grein fyrir meginforsendum sem fram komu í samráðinu um þörf þess að útnefna alþjónustuveitanda fjarskiptatenginga fyrir síma- og netaðgangspjónustu í sérstökum tilvikum og rökstuðningi FST fyrir því að Neyðarlínan ohf. væri ákjósanlegasti valkosturinn til slíkrar útnefningar.

2.1. Símasamband er öryggisatriði

(11) Íslendingar þekkja það vel nú orðið að náttúruöflin geta verið okkur óblíð, sbr. óveðrið sem skall á landið í desember 2019 og eldsumbrotin á Reykjanesskaga. Þegar svo er að þá er tryggt símasamband mikið öryggisatriði fyrir almenning. Einnig liggur fyrir að viðbragðsaðilar reiða sig á almenn farnet þegar svo ber undir. Ef ekki er fyrir hendi fullnægjandi farnetssamband er það mikið öryggismál að finna lausnir til að koma á símasambandi til viðkomandi staðfanga. Við niðurlagningu koparkerfisins er ljóst að sumir notendur munu missa þá talsímaþjónustu sem þeir hafa nú aðgang að. Ef ekki er fyrir hendi fullnægjandi farnetssamband er það mikið öryggismál að finna lausnir til að koma á símasambandi til viðkomandi staðfanga.

2.2. Símasamband í gegnum internet ekki öllum aðgengilegt

(12) Þrátt fyrir að fyrir hendi sé gagnaflutningssamband við tiltekið staðfang, t.d. yfir örbylgju eða farnet, er ekki sjálfgefið að allir notendur geti notað símaþjónustu í gegnum internetið, t.d. þjónustur á borð við Skype eða Face Time. Hér getur t.d. verið um ræða hóp notenda sem ekki notar internetið eða treystir sér ekki til að tileinka sér þær samskiptalausnir sem það hefur upp á að bjóða. Í þeim tilvikum þarf að búa til nokkurs konar staðgönguvöru fyrir hinn hefðbundna talsíma (heimasíma). Kalla má slíka lausn tölvusíma sem hermir eftir viðmóti venjulegs heimasíma. Viðfangsefni alþjónustu í þessum efnum er því ekki eingöngu tæknilegs eðlis, heldur líka félagslegs eðlis að einhverju marki. Að mati Fjarskiptastofu kallar þetta á útnefningu alþjónustuveitanda sem horfir til þarfa notenda hvað þetta varðar, sérstaklega þegar kemur að öryggisþætti símasambandsins. Tekið skal fram að þessi þjónustubörf tengist einkum áfanga C, sem vikið er nánar að í kafla 3.6.

2.3. Aukið rekstraröryggi og gæðastig - þörf fyrir samræmingu

(13) Þeir notendur sem njóta alþjónustu á grundvelli formlegrar útnefningar á alþjónustuveitanda af hálfu FST eiga að geta treyst á það að þjónustan sé veitt af ákveðnum gæðum og öryggi. Því er mikilvægt að slíkir notendur hafi aðgang að þjónustuaðstoð og viti hvert eigi að sækja hana. Þetta er líka mikilvægt fyrir þá þjónustuveitendur sem veita endanotendum fjarskiptaþjónustu yfir grunnnetstengingar. Einnig þarf að stuðla að því að notendur sem treysta á þjónustu alþjónustuveitanda síma- og netaðgangspjónustu, í sérstökum aðstæðum, búi við ákveðið innbyrðis samræmi varðandi þjónustustig þjónustunnar. Að áliti FST kalla þessar forsendur á að alþjónustan sé á hendi sama aðila, en ekki margra mismunandi aðila sem sumir starfa á staðbundnu þjónustusvæði á landinu.

2.4. Þörf fyrir yfirsýn og heildstæði

(14) Fyrir stjórnvöld almennt og fyrir FST, sem hefur það lögbundna hlutverk að tryggja alþjónustu, er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir stöðu mála og að um þjónustuna ríki ákveðið heildstæði. Þannig er það kostur fyrir stjórnvöld, þ.m.t. FST, að geta verið í samskiptum við einn aðila vegna alþjónustu um síma- og netaðgangspjónustu, vegna sérstakra aðstæðna, sem fyrirhuguð útnefning tekur til. Þetta mælir með því, að mati FST, að útnefndur verði einn tiltekinn aðili til veita alþjónustuna fyrir landið allt.

2.5 Ætlun FST að útnefna Neyðarlínuna ohf. sem alþjónustuveitanda

(15) Eins og að framan greinir telur FST nauðsynlegt að útnefna formlega einn aðila sem alþjónustuveitanda um síma- og netaðgangspjónustu í sérstökum tilvikum. Þegar FST horfir til framangreindra þarfa, m.a. vegna áhrifa af niðurlagningu koparkerfisins, telur stofnunin að það komi helst til greina að útnefna Neyðarlínuna ohf. sem alþjónustuveitanda þessarar þjónustu. Nánar verður gerð grein fyrir tæknilegri útfærslu þessarar þjónustu í sérstökum kafla hér að neðan.

2.6. Starfssvæði Neyðarlínu ohf. nær yfir landið allt

(16) Starfssvæði Neyðarlínunnar ohf. nær yfir landið allt. Félagið rekur TETRA neyðarfjarskiptakerfið sem hefur gríðarlega mikla landfræðilega útbreiðslu og ekki bara í byggð, heldur að mjög stórum hluta á hálendinu eða á öðrum afskekktum landsvæðum. Í ljósi þess að þau lögheimili og vinnustaðir með heilsársstarfsemi sem munu þurfa að reiða sig á alþjónustu samkvæmt fyrirhugaðri útnefningu eru í flestum tilvikum afskekkt, þ.e. þar sem almennri fjarskiptapjónustu nýtur ekki við á markaðsforsendum, telur FST að framkvæmdin hafi ákveðna samlegð með annarri starfsemi Neyðarlínunnar ohf.

2.7. Neyðarlínan ohf. hefur reynslu sem alþjónustuveitandi og af því að reka fjarskiptasambönd við krefjandi aðstæður.

(17) Með ákvörðun PFS nr. 9/2020 var Neyðarlínan ohf. útnefnd sem alþjónustuveitandi fjarskiptatenginga fyrir síma- og internetþjónustu í sérstökum tilvikum sem rekja mátti til lokunar PSTN kerfisins. Síðastliðin ár hefur því Neyðarlínan ohf. gripið til ráðstafana, í góðu samráði við markaðsaðila, til að útvega fjarskiptatengingu í þeim tilvikum sem fjarskiptasamband hefur dottið út við lokun kerfisins. Jafnframt því hefur Neyðarlínan ohf. mikla reynslu af því að koma upp fjarskiptasamböndum þar sem að landfræðilegar aðstæður eru krefjandi. Ástæða þess að sum lögheimili og vinnustaðir með heilsárs atvinnustarfsemi hafa ekki aðgang að fjarskiptapjónustu á markaðsforsendum eru oft krefjandi landfræðilegar aðstæður. Hér er ekki bara um að ræða vegalengdir að næstu símsstöð, heldur einnig staðsetning á skuggavæðum farnetskerfa eða þar sem jarðvegur er með þeim hætti að lagning jarðsímastrengja er erfiðleikum bundin. Oft er um að ræða aðstæður sem svipar til þeirra áskorana sem felast í því að tengja sendastaði við erfiðar aðstæður.

2.8. Útnefningin stendur nærri hlutverki Neyðarlínunnar ohf.

(18) Samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við dómsmálaráðuneytið rekur Neyðarlínan ohf. vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar á grundvelli laga nr. 40/2008 um samræmda neyðarsímsvörun. Það leiðir af lögnum að stjórnvöldum og rekstraraðila vaktstöðvar samræmdrar neyðarsímsvörunar er skylt að grípa til ráðstafana til að allir notendur geti náð sambandi við neyðarþjónustunúmerið 112, en um þetta segir í 3. mgr. 2. gr. laganna:

„[Fjarskiptastofa], opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem heimild hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að allir notendur geti, þar sem því verður við komið, náð sambandi við neyðarþjónustu 112 sér að kostnaðarlausu. Sömu aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar berist sjálfvirk með rafrænum hætti nýjustu gögn um notendur, auðkenni þeirra og staðsetningu, eftir því sem við verður komið.“

(19) Markmið þessarar alþjónustuútnefningar er að tryggja að lögheimili og vinnustaðir, sem ekki njóta fjarskiptalþjónustu á markaðsforsendum, geti átt kost á fjarskiptasambandi, m.a. í þeim tilgangi að geta hringt neyðarsímtöl. FST telur því að útnefning Neyðarlínunnar ohf. falli vel að skilgreindu hlutverki og skyldum félagsins. Þar sem ráðgert er að fjármögnun alþjónustunnar verði eingöngu á kostnaðargrundvelli telur FST ekki úr vegi að horfa til þess að Neyðarlína ohf. er í opinberri eigu og starfar ekki á markaðsforsendum.

2.4. Samantekt og mat

(20) Samkvæmt framangreindu er það heildarmat Fjarskiptastofu, m.a. út frá greiningu á þörfum og sérstaklega tilgreindum matsþáttum, að ákjósanlegast sé að útnefna Neyðarlínuna ohf. sem alþjónustuveitanda fjarskiptatenginga fyrir síma- og netaðgangspjónustu í sérstökum aðstæðum fyrir lögheimili og vinnustaði með heilsárs atvinnustarfsemi með vísan til 1. mgr. 64. laga um fjarskipti nr. 70/2022.

2.5. Samráð um fyrirhugaða ákvörðun FST

(21) FST efndi til opins samráðs við hagsmuna aðila og almenning þann 13. maí 2024 og var veittur frestur til 3. júní 2024 til að skila umsögn um fyrirhugaða ákvörðun.³ Engar umsagnir né athugasemdir bárust FST.

III.

Frekari forsendur og niðurstaða

3.1 Almennt um lagaumhverfi og nýlegar lagabreytingar

(22) Regluverk um alþjónustu hér á landi á rætur að rekja til fjarskiptapakka Evrópusambandsins frá 2002 sem innleiddur var með eldri fjarskiptalögum nr. 81/2003. Samkvæmt 7. tölulið 3. gr. laganna var hugtakið alþjónusta áður skilgreint svo:

„Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.“

(23) Vorið 2018 voru gerðar tvær meginbreytingar á inntaki alþjónustu.⁴ Sú fyrri fólst í því að gera alþjónustu tæknilega hlutlausu. Fyrir breytinguna áttu notendur rétt á talsímaþjónustu, en hún var tæknilega skilgreind sem símasamband um fastlínutengingu. Í ljósi tæknibreytinga og fyrirséðra minnkandi rekstrarskilyrða PSTN kerfisins þótti þörf á því að gera alþjónustu tæknilega hlutlausu, sem gæfi kost á því að veita þjónustuna með farnetslausnum eða annarri tækni.

(24) Í inntaki alþjónustu er því nú talað um símaþjónustu. Það hugtak er ekki skilgreint sérstaklega en ljóst er af skýringum í greinargerð frumvarpsins⁵ að um sé að ræða

³ Fjarskiptastofa (13. maí 2024). Samráð um fyrirhugaða alþjónustuútnefningu Neyðarlínunnar ohf. Sótt af: <https://fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/Fr%C3%A9ttir/samrad-um-fyrirhugada-althjonustuutnefningu-neydarlinunnar-ohf-2024-05-13>

⁴ Sjá lög nr. 72/2018, um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta).

⁵ Sjá frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta). Þingskjal 653, 454. mál. 148. löggjafarþing

símasamband óháð tiltekinni tæknilegri lausn. Því verður að leggja til grundvallar að þeir notendur sem hafa aðgang að fullnægjandi farnetsþjónustu, eða samkvæmt annarri tækni, njóti alþjónustu í skilningi laganna.

(25) Síðari meginbreytingin fólst í því að hverfa frá því að skilgreina tiltekinn lágmarksgagnflutningshraða innan alþjónustu. Í stað þess að tiltaka ákveðinn hraða var ákveðið að notast við það sem í dag kallast *nothæf netaðgangspjónusta*.

(26) Ný fjarskiptalög nr. 70/2022 voru síðan samþykkt á Alþingi 15. júní 2022 en lagasetningin byggði á fjarskiptaregluverki ESB eða Kóðanum svokallaða sem er tilskipun (ESB) nr. 2018/1972. Með nýjum fjarskiptalögum var réttur til alþjónustu lítilla þrengdur frá því sem áður var en nú tekur rétturinn til neytenda en ekki notenda en það er í samræmi við 84. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Því hljóðar 1. mgr. 62. gr. núgildandi fjarskiptalaga svo:

„Neytendum skal á lögheimili eða aðsetri samkvæmt skráningu hjá Þjóðskrá Íslands tryggður aðgangur á viðráðanlegu verði að nothæfri netaðgangspjónustu og símaþjónustu með tilgreindum gæðum, þ.m.t. tengingu sem liggur að baki.“

(27) Í 2. mgr. 62. gr. er gert ráð fyrir því að veiting skilgreindrar lágmarksþjónustu sé ekki bundin við tiltekna tækni. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að binda síma- og netaðgangspjónustu innan alþjónustu við fast net. Við ákveðnar aðstæður getur jafnvel verið ódýrara og hagkvæmara að nýta farnetstækni. Ef neytandi á tilteknum stað hefur aðgang að farnetsþjónustu sem uppfyllir skilgreind gæðaviðmið á hann ekki rétt á því til viðbótar að fá einnig aðgang að fastnetsþjónustu undir merkjum alþjónustu.

(28) Samkvæmt 6. mgr. 62. gr. fjarskiptalaga er gert ráð fyrir því að kveðið sé nánar á um þá þjónustubætti (þjónustu og aðgerðir) sem neytendum skuli standa til boða í gegnum fjarskiptatengingu sem þeir hafa aðgang að. Í reglugerð um alþjónustu á sviði fjarskipta nr. 1100/2022 er tekið mið af þeim þjónustubáttum og eiginleikum sem fram koma í viðauka V með tilskipun (ESB) 2018/1972. Þessar kröfur til fjarskiptaþjónustu eiga að endurspegla tækniframfarir og breytingar á notkunarmynstri neytenda frá einum tíma til annars.

(29) Í 6. gr. alþjónustureglugerðarinnar segir að *Nothæf netaðgangspjónusta* skal að lágmarki styðja við aðgerðir líkt og notkun tölvupósts, tæki til undirstöðupjálfunar og menntunar á netinu, pantanir og kaup á vörum eða þjónustu á netinu, bankaviðskipti á netinu, rafræna stjórnsýslu, samfélagsmiðla og smáskilaboð, símtöl og myndsímtöl (af staðalgæðum). Að þessum atriðum virtum er það mat FST að fullnægjandi 4G farnetsþjónusta geti uppfyllt kröfur til þjónustubátta og eiginleika nothæfrar netaðgangspjónustu innan alþjónustu.

(30) Um aðgengi að alþjónustu er fjallað um í 64. gr. fjarskiptalaga en þar segir 1. mgr. ákvæðisins:


„Ef markaðskönnun og viðbótarsannanir, ef þörf krefur, leiða í ljós að neytendur hafa ekki, vegna viðskiptasjónarmiða fjarskiptafyrirtækja, aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma getur Fjarskiptastofa útnefnt fjarskiptafyrirtæki, eitt eða fleiri, með alþjónustuskyldur til að tryggja öllum landsmönnum fullnægjandi alþjónustu skv. 62. gr. Við útnefningu samkvæmt

ákvæði þessu skal gæta jafnræðis, hlutleysis og gagnsæis. Kveða má á um skyldu til að veita þjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.“

(31) Þá segir í 2. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga að við útnefningu skulu leitast við að lágmarka markaðsröskun, einkum veitingu þjónustu á verði eða með fyrirvara um aðra skilmála og skilyrði sem víkja frá eðlilegum viðskiptakjörum, en standa jafnframt vörð um almannahagsmuni.

3.2. Útbreiðsla alþjónustu og landfræðilegt umfang þjónustubrests innan alþjónustu

(32) Til að meta umfang á alþjónustu er nægilegt að horfa til útbreiðslu 4G farnetsþjónustu. Samkvæmt upplýsingum úr Gagnagrunni almennra fjarskiptaneta (GAF) nær 4G þjónusta til yfir 99% landsmanna og er landfræðileg útbreiðsla þjónustunnar samkvæmt þessu korti:



Mynd 1: Útbreiðsla 4G farnetsþjónustu samkvæmt gagnagrunni almennra fjarskiptaneta (GAF).

(33) Af framangreindu má ráða, eins og þróun í tækni og lagaumhverfi hefur verið undanfarin ár, að landfræðilegt umfang þeirra staðfanga sem njóta ekki fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á markaðsforsendum hefur dregist verulega saman. Ekki verður horft framhjá mikilvægi þess að tryggja neytendum tengingu við almenna fjarskiptanetið almennt á landinu öllu, nema í þeim sveitarfélögum þar búið er byggja upp staðbundið ljósleiðaranet. Á hinn bóginn er þörf fyrir alþjónustuútnefningu vegna þjónustubáttarins, þ.e. netaðgangsjónustu og internetþjónustu, orðin mjög takmörkuð. Er þá átt við þjónustubætti sem ekki er hægt að bjóða fram á fyrirliggjandi fasta- og/eða farnetum. Í raun má segja að alþjónustunnar sé eingöngu þörf á þeim stöðum sem 4G farnetsþjónustu nýtur ekki við að lágmarki eða við sérstakar aðstæður.

3.3. Hlutverk alþjónustuveitanda og núverandi rekstraraðilar

(34) Í stuttu máli má segja að hlutverk alþjónustuveitanda sé að tryggja að til staðar sé virk tenging við viðkomandi staðfang sem borið geti síma og nothæfa netaðgangspjónustu. Það er hlutverk almennra þjónustuaðila að veita slíka þjónustu yfir tenginguna og viðskiptavinurinn stendur straum af kostnaði við þjónustuna.

(35) Ekki er gert ráð fyrir að útnefningin hafi áhrif á viðskiptasamband rekstraraðilanna við notendur eða þjónustuveitendur þeirra yfir viðkomandi fjarskiptatengingu, að öðru leyti en því að endanotendur geta leitað til Neyðarlínunnar ohf. ef upp koma einhverjir hnökrar á virkni tengingarinnar.

3.4. Alþjónustuveitandi er umsjónaraðili með tengingum

(36) Það er ætlunin að Neyðarlínan ohf. beri ábyrgð á að þessi sambönd séu virk og nothæf og bregðist við í samvinnu við viðkomandi rekstraraðila ef upp koma einhver rekstraráföll. Þannig má segja að Neyðarlínan ohf. sé ákveðinn umsjónaraðili með þessum tengingum sem rekstraraðilar tenginga geta leitað til. Hlutverk rekstraraðila þessara fjarskiptatenginga kemur þó ekki í veg fyrir að Neyðarlínan ohf. geti sjálf komið upp fjarskiptasambandi til þeirra lögheimila og vinnustaða sem alþjónustuútnefningin mun ná til, t.d. nýjar tengingar sem þörf verður á að setja upp.

3.5. Alþjónustuveitandi er tengiliður við endanotanda og stjórnvalda um þessa þjónustu

(37) Með útnefningunni er ráðgert að Neyðarlínan ohf. verði fyrirsvarmaður gagnvart stjórnvöldum um þá sértæku fjarskiptaþjónustu sem alþjónustuútnefningin tekur til. Hér er hvort tveggja um að ræða afstöðu til tæknilegrar útfærslu á þjónustunni sjálfri og stefnumótun um tilhögun framboðs hennar á gildistíma alþjónustuútnefningarinnar.

(38) Í þessu fyrirsvari felst enn fremur að það verður eingöngu á hendi Neyðarlínunnar ohf. að sækja um alþjónustuframlag vegna þeirrar þjónustu sem alþjónustuútnefningin tekur til. Með þessu er ekki verið að segja að ekki sé hægt að sækja um alþjónustuframlag fyrir þær tengingar sem rekstraraðilar starfrækja, t.d. við uppsetningu nýrra tenginga eða nauðsynlegs viðhalds á þeim sem eru nú í rekstri, heldur að slík umsókn krefjist milligöngu Neyðarlínunnar ohf. sem þá leggur sjálfstætt mat á styrkþörf og kostnaðarforsendur rekstraraðilans.

3.6. Inntak og umfang alþjónustunnar, tæknileg útfærsla og lágmarksgæði

(39) Huga þarf að bættu fjarskiptasambandi um 100 lögheimila og vinnustaða til að uppfylla lágmarksviðmið um alþjónustu í fjarskiptum. Líklegt er að einhver af þeim staðföngum muni síðar eiga kost á tengingu við ljósleiðara og að sum heimili geti gert ráðstafanir, með hóflegum tilkostnaði, til að setja upp loftnet og magnara til að geta betur tekið á móti farnetsmerkjum.

(40) Fýsileiki þess að bæta úr fjarskiptasambandi með uppsetningu á farnetssendum ræðst af þeim innviðum sem eru tiltækir á hverjum stað, þ.e. aðgangur að rafmagni og ljósleiðarastofnnetum. Frumgreining FST hefur leitt í ljós að hægt er að koma á góðu farnetssambandi til u.þ.b. 25 staðfanga með uppsetningu á 11 farnetssendum. Vegna landfræðilegra aðstæðna, sem eru einkennandi fyrir þau staðföng sem búa við slæmt fjarskiptasamband, er þó ljóst að viðbótarútbreiðsla farnetsþjónustunnar yrði nokkuð takmörkuð. Spálíkön sýna þó að í einhverjum tilvikum eru vegakaflar, nærliggjandi sumarbústaðarhverfi og ferðamannastaðir sem myndu njóta góðs af viðbótarútbreiðslu á farnetsþjónustu.

(41) Með alþjónustuútnefningu þessari er ætlunin að tryggja að þeir notendur sem munu missa allt fjarskiptasamband við niðurlagningu koparkerfisins hafi aðgang að símaþjónustu og nothæfri netaðgangspjónustu. Að mati FST felur útnefningin í sér þrjú verkefni eða áfanga:

- A. Uppbygging farnetsenda
- B. Aðrar lausnir (loftnet, endurvarpar o.s.frv.)
- C. Einstakar fjarskiptatengingar sem falla ekki undir áfanga A eða B (kvaðir skv. ákvörðun PFS nr. 9/2020).

(42) Áfangi A mun njóta forgangs en farið verður í áfanga B þegar forsendur leyfa. Þar sem að áfangi A mun í öllum tilvikum fela það í sér að framkvæmdarkostnaður alþjónustuveitanda við að uppfylla alþjónustukvöð muni fara umfram hámarksframlag fyrir tiltekið staðfang, sem ákveðið var í ákvörðun nr. 9/2020, þykir FST rétt að útfæra útgreiðslu á alþjónustuframlagi í nýrri ákvörðun um alþjónustuútnefningu með almennri nálgun. Gert er ráð fyrir því að alþjónustuveitandi skili árlega áætlunargerð til FST um væntanlegar framkvæmdir á árinu, sbr. áfanga A og B.

(43) FST sér fyrir sér að viðbótar útbreiðsla farnetsþjónustu eða áfangi A, eins og lýst er hér að framan, byggir á grundvelli MOCN samstarfsins⁶ sem er í gangi. Samkvæmt því samkomulagi er kostnaðinum skipt í tvo mismunandi þætti, það er innviðauppbbygging annars vegar og sendar og rekstur hins vegar. Alþjónustuframlag til Neyðarlínunnar tekur því meðal annars mið af innviðauppbbyggingu og rekstri sendanna í sjö ár. Þá er ráðgert að hlutverk fjarskiptafélaganna Sýnar hf., Símans hf. og Nova hf. sé fólgið í því að veita þjónustu yfir teninguna og endanotandi greiði fyrir þjónustuna samkvæmt verðskrá.

(44) Í áfanga B er um að ræða þau staðföng sem ekki þykir hagkvæmt að bæta úr fjarskiptasambandi með aukinni útbreiðslu farnetsþjónustu heldur þarf að leysa úr með öðrum tæknilausnum. Hér ræðir um uppsetningu lofnets, magnara, endurvarpa o.s.frv. eða jafnvel með gervihnattaþjónustu þar sem ekkert farnet er tiltækt. Í ljósi þess að gert er ráð fyrir að húseigendur muni eiga umræddan endabúnað þykir sanngjarnt að gera ráð fyrir 25% kostnaðarpátttöku þeirra í þeim kostnaði, en þó að hámarki 50.000 kr. Hér þyrfti þó að hafa í huga að stofnkostnaður getur verið nokkuð mismunandi eftir því hvaða tæknilega lausn verður fyrir valinu.

(45) Í áfanga C væri um að ræða einstakar fjarskiptatengingar eða undantekningartilvik sem væru ekki hluti af þessu 100 staðföngum sem áfangar A og B taka til. Svo dæmi séu tekin þá gæti verið um að ræða nýbyggingar, eða eyðibýli sem tekin eru aftur í notkun, sem ekki eru tengd hinu almenna fjarskiptaneti og njóta ekki fullnægjandi farnetsþjónustu, eins og staðan er í dag. Þessar fjarskiptatengingar myndu lúta sömu kvöðum og í fyrri alþjónustuútnefningu, s.s. að tenging umfram hámarksframlag sé háð fyrirfram samþykki FST, sbr. verklag við útgreiðslu alþjónustuframlags samkvæmt ákvörðun FST nr. 9/2020.

⁶ (Samkomulag Nova hf., Sýnar hf., Símans hf. og Öryggisfjarskipta ehf. um sameiginlega senda sem nýta MOCN tækni)

(46) Endanlegt umfang alþjónustunnar liggur ekki nákvæmlega fyrir að svo stöddu, en þau 100 staðföng sem alþjónustan tekur eru birt í sérstökum viðauka við ákvörðunina. Gert er ráð fyrir því að umfang alþjónustunnar, þ.e. tilgreining einstakra staðfanga, geti verið breytilegt yfir útnefningartímabilið. Sá listi staðfanga verður uppfærður reglulega eftir þörfum, án sérstaks samráðs við markaðsaðila þar að lútandi, enda ekki tilefni til almenns og opins samráðs við markaðsaðila vegna tenginga við einstök staðföng. Hér getur t.d. verið um að ræða tilvik þar sem staðfang hefur fengið aðgang að ljósleiðara áður en kom til framkvæmdar á alþjónustukvöðinni.

(47) Sú alþjónusta sem fyrirhuguð útnefning tekur til er tvíþætt. Fyrri þjónustubátturinn er símaþjónusta sem má sem næst líkja við talsímaþjónustu. Nú er slík þjónusta fólgin í stafrænum lausnum á borð við VoIP (e. Voice over IP) sem flutt er yfir netið um kopar- eða ljósleiðaraheimtaug eða farnetið. Í fyrra tilfallinu er gert ráð fyrir því að alþjónustuveitandi geri þær ráðstafanir, eftir því sem þörf er á, til að upplifun notanda geti verði sambærileg við notkun almennrar talsímaþjónustu. Þessa stafræna tækni kemur þó ekki að fullu í stað eldri talsímaþjónustu, þar sem nettengingar eru háðar rafmagni á meðan hliðræni talsíminn (heimasíminn) er rafmagnsfæddur frá símsstöð. Ekki er ætlunin með fyrirhugaðri alþjónustuútnefningu að grípa til mótvægisáðgerða þar að lútandi, enda er raffæðing heimtauga ekki hluti af alþjónustu.

(48) Með tilliti til framangreinds er gert ráð fyrir því að símasamband samkvæmt fyrirhugaðri útnefningu lúti sambærilegum gæðakröfum og núverandi talsímaþjónusta að breyttu breytanda, sbr. nánar hér að neðan.

(49) Síðari þjónustubátturinn varðar gagnaflutningsþjónustu innan alþjónustu. Um er að ræða svokallaða nothæfa netaðgangsbjónustu, eins og slík þjónusta er nánar afmörkuð í V. viðauka við fjarskiptatilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2018/1972/EB. Ljóst má vera af samhengi umfjöllunar í ákvörðun þessari að ekki er ætlunin að Neyðarlínan ohf. sé þjónustuveitandi gagnvart endanotendum um þessa þjónustu, heldur sjái til þess að fjarskiptatengingin við viðkomandi staðfang og aðbúnaður gagnvart endanotanda sé með þeim hætti að fjarskiptafyrirtæki sem starfa á smásölustigi geti boðið fram þjónustu sína.

3.6.2. Tæknileg útfærsla

(50) Eins og gildir almennt um alþjónustu í dag að þá er hún tæknilega hlutlaus, þ.e. sjálf þjónustan er inntak alþjónustuskyldna, en ekki tæknilegar útfærslur eða gerð undirliggjandi fjarskiptaneta. Því er það ætlunin að alþjónustuveitandi geti uppfyllt þær alþjónustukvaðir sem á honum hvíla óháð tækni. Alþjónustuveitanda ber þó að velja hagkvæmustu lausnina í hverju tilviki fyrir sig. Í mörgum tilvikum getur það komið til álita að koma upp örbylgjusambandi til að tengja viðkomandi staðfang. Í öðrum tilvikum getur það verið nærtækari lausn að móttaka og magna 4G (eða 5G) farsímamerki, sem kann að vera fyrir hendi utandyra við staðfangið, og leiða það inn í húsakynni, að því gefnu að alþjónustuveitandi meti það svo að þjónustusvæði viðkomandi farnetssendis uppfylli lágmarkskröfur um gæði, sbr. næsta kafla.

3.6.3. Lágmarksgæði

(51) Ætlunin er að notendur alþjónustunnar öðlist aðgang að nothæfri netaðgangspjónustu í skilningi 36. töluliðar 1. mgr. 5. gr. fjarskiptalaga. Að álitum FST felst í því að þjónustan skuli vera þess bær að geta virkjað með fullnægjandi þjónustuupplifun notanda á þeim þjónustubáttum sem skilgreindir eru í viðauka V. við fjarskiptatilkönnun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2018/1972/EB. Í viðkomandi regluverki er ekki skilgreindur tiltekinn gagnaflutningshraði, en FST metur það svo að 4G þjónusta ætti að fullu að afkasta þeirri fjarskiptanotkun miðað við venjuleg afnot. Því skal netaðgangspjónusta um fjarskiptatengingu sem fyrirhuguð alþjónustuútnefning tekur til að lágmarki ná 10 Mb/s meðaltalsgagnaflutningshraði á sólarhring. Hér er um sama viðmið um gagnaflutningshraða og ákvarðað var í síðustu alþjónustuútnefningu samkvæmt ákvörðun PFS nr. 9/2020. Ekki þykir vera tímabært að hækka þann hraða enn sem komið er þótt almennt megi búast talsvert meiri hraða innan alþjónustunnar. Með þessu viðmiði ætti einnig að vera tryggt að lágmarkshraða sé náð þrátt fyrir mögulega álagstoppa á viðkomandi sendi.

Mælivíðmið

Meðalhraði skal mældur samfelld í 3 klst. annars vegar á tímabilinu 09:00 – 12:00 og hins vegar á tímabilinu 19:00 – 22:00. Skilgreindur meðalhraði samfelld í 3 klst. skal nást innan beggja tímabila.

Hvað varðar gæði símpjónustunnar telur FST eðlilegt að skilgreind gæðaviðmið sem um árábil hafa gilt fyrir talsímþjónustu eigi við um símaþjónustu yfir fasta- og farnetstengingu eftir því sem við á. FST vísar að öðru leyti til gæðaviðmiða um lágmarkskröfur alþjónustu í II. kafla alþjónustureglugerðar nr. 1100/2022.

3.7. Kostnaður vegna alþjónustunnar – fjármögnun og málsmeðferð

(52) Forsenda alþjónustuútnefningarinnar er að Neyðarlínan ohf. verði ekki fyrir kostnaði sem félagið telur sig þurfa að fá bætt. Hér er hvort tveggja um að ræða kaup á nýjum búnaði eða nauðsynlegar viðgerðir á búnaði sem er í rekstri. Hvað varðar vinnubáttinn er t.d. átt við alla undirbúningsvinnu, hönnun, mælingar, prófanir, ásamt vinnu við uppsetningu. Hins vegar er ekki ætlunin að almennur rekstrarkostnaður sé bættur, enda ætlast til að heildsölugjöld og/eða notendagjöld standi straum af slíkum kostnaði.

(53) Framangreindur kostnaður skal bættur sem raunkostnaður. Þannig er ekki gert ráð fyrir að bætt verði fyrir hæfilega arðsemi alþjónustuveitanda. Þar sem að Neyðarlínan ohf. starfar ekki á markaðsforsendum, þ.m.t. með tiltekna arðsemiskröfu í starfsemi sinni, telur FST að aðferðarfræði hreins kostnaðar (e. net cost) eigi ekki við um útreikning á mögulegu alþjónustuframlagi til félagsins.

(54) Uppsetning fjarskiptatengingar við staðfang sem þegar er tengt við ljósleiðara sem notandinn hefur kosið að taka ekki í notkun eða ekki getað, t.d. vegna einskiptis tengigjalds sem krafist er af netrekenda, getur ekki orðið andlag að útgreiðslu alþjónustuframlags. Mögulegur fjárhagslegur stuðningur við greiðslu tengigjalds við ljósleiðara í slíkum tilvikum þarf að skoða á öðrum forsendum og mögulega á grundvelli annarra laga.

(55) Gert er ráð fyrir að Neyðarlínan ohf. skili árlega til FST kostnaðaráætlun við að koma á síma- og netaðgangspjónustu, sbr. áfanga A og B sem lýst er í kafla 3.6., fyrir þann 15. júní ár

hvert. Í áætlun skal tilgreina staðföng og þann kostnað sem áætlaður er vegna framkvæmda. Kostnaðaráætlun skal taka mið af árlegum fjárheimildum jöfnunarsjóðs alþjónustu eða um 48,8 millj. kr. ár hvert. Ef raunkostnaður alþjónustuveitanda fer undir eða yfir þetta viðmið skal mismunur kostnaðar færður yfir á næsta ár.

(56) Ef útlit er fyrir að fjárheimildir jöfnunarsjóðs alþjónustu verði lægri eða þær eru felldar niður leiðir það af sér samsvarandi skerðingu á mögulega alþjónustuframlagi til alþjónustuveitanda vegna fyrirhugaðra framkvæmda, enda er ekki lengur fjárhagslegt svigrúm til að mæta slíkum kostnaði. Komi til þess verða alþjónustuskuldbindingar Neyðarlínunnar felldar niður eða skertar sem því nemur.

3.7.1. Aðild að umsóknum um alþjónustuframlag

(57) Það verður eingöngu á hendi alþjónustuveitanda að sækja um alþjónustuframlag vegna þjónustunnar. Það útilokar þó ekki að rekstraraðilar fjarskiptatenginga, séu þeir aðrir en Neyðarlínan ohf., geti fengið bættan kostnað, sbr. forsendur í kafla 3.7. Slíkt þarf þá að gerast fyrir milligöngu Neyðarlínunnar ohf. sem leggur þá sjálfstætt mat á kostnaðarforsendur rekstraraðilans. Til að gæta jafnræðis telur FST ekki rétt að beita aðferðarfræði hreins kostnaðar (e. net cost) við afgreiðslu slíkra umsókna. Á móti kemur að ekki verður bætt fyrir hæfilegan hagnað rekstraraðilans af slíkri framkvæmd.

(58) Hafi Neyðarlínan ohf. milligöngu um slíkt framlag f.h. rekstraraðila, skal alþjónustuveitandi skila slíku framlagi til hans án ástæðulauss dráttar eftir að framlagið hefur verið útgreitt.

3.7.2. Málsmeðferð og kröfur til umsóknar um alþjónustuframlag

(59) Falli til kostnaður við að uppfylla alþjónustukvaðir, sbr. leið C hér að framan, skal slíkum kostnaði safnað saman á ársgrundvelli af hálfu alþjónustuveitanda. Slíkum kostnaði skal haldið bókhaldslega aðgreindum í rekstri alþjónustuveitanda. Hann heldur líka utan um upplýsingar um kostnað, ásamt viðeigandi fylgigögnum, frá rekstraraðilum fjarskiptatenginga sem óska eftir alþjónustuframlagi. Fyrir 15. júní ár hvert sækir alþjónustuveitandinn, ef þörf er á, um heildarframlag vegna rekstrarársins þar á undan. Umsókn skal vera sundurliðuð eftir viðföngum og með tilvísanir til hlutaðeigandi rekstraraðila fjarskiptatenginga, ef svo háttar til.

3.7.3. Hámarksframlag fyrir tiltekið staðfang

(60) Samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptasjóði hefur að jafnaði verið gengið út frá því að styrkur til að koma upp örbylgjusambandi fari ekki yfir 1.000.000 kr. án vsk. fyrir hverja fjarskiptatengingu til lögheimilis eða vinnustaðar með heilsárs atvinnustarfsemi.

(61) Í ljósi þess að um er að ræða mjög þröng undantekningartilvik vegna tiltekinna staðfanga, víðsvegar um landið, sem vegna erfiðra aðstæðna er dýrt að tengja fjarskiptasambandi, telur FST ekki rétt að setja tiltekið þak á alþjónustuframlag fyrir hvert staðfang hvað varðar áfanga A og B, eins og á við um tilfallandi tilvik samkvæmt áfanga C. Kostnaður er reiknaður út sem heildarkostnaður án þess að sundurliða hann á einstök staðföng. Þótt að sú sundurliðun liggi fyrir í kostnaðaráætlun verður hún ekki notuð sem viðmið við samþykkt á útgreiðslu alþjónustuframlags, eins og gert var í fyrri alþjónustuútnefningu.

3.7.4. Kostnaðarhlutdeild endanotanda

(62) Líkt og fram kemur í kafla 3.6. er í áfanga B gert ráð fyrir 25% kostnaðarpátttöku endanotenda í endabúnaði en þó að hámarki 50.000 kr. Hafa þarf í huga að stofnkostnaður getur verið nokkuð mismunandi eftir því hvaða tæknilega lausn verður fyrir valinu.

(63) Með hliðsjón af ákvörðun FST nr. 10/2023 þá gætu aðstæður verið með þeim hætti að eðlilegt sé að gera ráð fyrir kostnaðarhlutdeild endanotanda vegna einstakra fjarskiptatenginga, sbr. áfangi C. Þessar fjarskiptatengingar myndu lúta sömu kvöðum og í fyrri alþjónustuútnefningu, s.s. að tenging umfram hámarksframlag sé háð fyrirfram samþykki FST, sbr. verklag við útgreiðslu alþjónustuframlags samkvæmt ákvörðun PFS nr. 9/2020.

Ákvörðunarorð

1. Með vísan til 1. mgr. 64. laga um fjarskipti nr. 70/2022 er Neyðarlínan ohf. útnefnd sem alþjónustuveitandi fjarskiptatenginga fyrir síma- og netaðgangspjónustu, í sérstökum tilvikum, fyrir lögheimili og vinnustaði með heilsárs atvinnustarfsemi. Þjónustan er tæknilega hlutlaus, en velja ber hagkvæmustu lausnina í hverju tilviki fyrir sig.
2. Neyðarlínan ohf. hefur umsjón með fjarskiptatengingum sem aðrir rekstraraðilar hafa byggt upp og starfrækja innan skilgreindrar alþjónustu samkvæmt ákvörðun þessari. Neyðarlínan ohf. getur á grundvelli samkomulags við rekstraraðila fjarskiptatenginga falið slíkum aðila að setja upp nýja tengingu og starfrækja hana. Náist ekki samkomulag milli Neyðarlínunnar ohf. og rekstraraðila um uppsetningu eða nauðsynlegt viðhald á tengingu sem þegar er til staðar skal Neyðarlínan ohf. annast slíka framkvæmd á eigin vegum án aðkomu rekstraraðila.
3. Inntak alþjónustunnar er símaþjónusta og nothæf netaðgangspjónusta sem skal skila a.m.k. 10 Mb/s meðaltalshraða á sólarhring, sbr. forsendur ákvörðunar þessarar, m.a. um mælingar á gæðum. Símaþjónustan skal uppfylla lágmarkskröfur um alþjónustu sem Fjarskiptastofa hefur gefið út í reglugerð nr. 1100/2022.
4. Neyðarlínan ohf. skal gæta jafnræðis við val á rekstraraðilum fjarskiptatenginga til samstarfs um uppbyggingu nýrra tenginga sem falla undir alþjónustu þessa, að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni. Fjarskiptatengingar sem falla undir ákvörðun þessa eða verða síðar byggðar upp á grundvelli alþjónustukvaðarinnar eru háðar opnum aðgangi þjónustuveitenda, ef aðstæður og tæknilegar forsendur leyfa.
5. Neyðarlínan ohf. skilar árlega til Fjarskiptastofu kostnaðaráætlun við að koma á síma- og netaðgangspjónustu, sbr. áfanga A og B, fyrir þann 15. júní ár hvert. Í áætlun skal tilgreina staðföng og þann kostnað sem áætlaður er vegna framkvæmda viðkomandi árs. Kostnaðaráætlun skal taka mið af árlegum fjárheimildum jöfnunarsjóðs alþjónustu eða um 48,8 millj. kr. ár hvert. Ef raunkostnaður alþjónustuveitanda fer undir eða yfir þetta viðmið skal mismunur kostnaðar færður yfir á næsta ár.
6. Kostnaður vegna alþjónustu sem leiðir af ákvörðun þessari skal vera bókhaldslega aðskilinn í rekstri Neyðarlínunnar ohf. Umsókn um alþjónustuframlag skal vera sundurliðuð eftir viðföngum.

7. Útnefning Neyðarlínunnar ohf. nær til landsins alls eins og hún er nánar afmörkuð hverju sinni í viðauka við ákvörðun þessa á gildistíma hennar. Útnefningin gildir til 31. desember 2028. Rekstrarsamningar sem Neyðarlínan gerir við rekstraraðila senda halda gildi sínu að liðnum gildistíma alþjónustuútnefningarinnar í samræmi við samningstíma viðkomandi samninga.
8. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. sömu laga um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Fjarskiptastofa, 13. júní 2024

Hrafnkell V. Gíslason

Arnar Stefánsson